

Borgarstjórn Reykjavíkur
2. október 2018

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að heimila íþrótt- og æskulýðsfélögum að kynna starfsemi sína í grunnskólum

Lagt er til að íþrótt- og æskulýðsfélögum verði heimilað á ný að kynna starfsemi sína í grunnskólum Reykjavíkur. Mikilvægt er að auka áhuga og hvetja nemendur til þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi enda sýna allar rannsóknir að þeim börnum sem taka þátt í slíku starfi líður betur, gengur betur í skóla og eru ólíklegri til að neyta fíkniefna, reykja og drekka. Með þessu móti er minni hættu á mismunun, ekki síst hjá börnum af erlendum uppruna.